

Minnisblað

Frá:	Lögfræðideild Kópavogsbæjar
Til:	Bæjarráðs Kópavogsbæjar
Dags:	18.10.2024
Efni:	Heimild nefnda til að ræða mál sem trúnaðarmál.

I.

Á bæjarráðsfundi þann 17. október 2024 samþykkti bæjarráð að óska eftir minnisblaði lögfræðideildar um heimild nefnda til þess að ræða tiltekið mál sem varðar Roðasali sem trúnaðarmál.

II.

Í 46. gr. sveitarstjórnarlaga er fjallað um fundi nefnda. Þar kemur fram að fundir nefnda skuli *almennt haldnir fyrir luktum dyrum* en nefnd sé heimilt að opna fundi komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki. Í skýringum með ákvæðinu er ekki að finna leiðbeiningar um túlkun ákvæðisins en þar er tekið fram að ákvæði laganna um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna eigi einnig við um réttindi og skyldur nefndarmanna, eftir því sem við geti átt, sbr. 52. gr. laganna.

Í 16. gr. laganna er fjallað um fundi sveitarstjórna og að þeir séu að *meginstefnu til opnir*. Þar er hins vegar mælt fyrir um að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðli máls. Í skýringum með ákvæðinu er að finna nánari leiðbeiningar um beitingu reglunnar og með hvaða hætti það skuli metið hvort *eðli máls* sé þannig að rétt sé að umræður fari fram fyrir luktum dyrum.

- Í fyrsta lagi er tekið fram að þar sem meginreglan sé að fundir skuli opnir þá verði heimild til að loka fundi ekki túlkuð rúmt heldur þröngt.
- Í öðru lagi ber að beita heimildinni þegar *upplýsingar eru háðar almennum eða sérstökum þagnarskyldureglum*.
- Í þriðja lagi ber að beita heimildinni þegar sveitarstjórn væri óheimilt að láta upplýsingar af hendi á grundvelli *upplýsingalaga eða sérlaga*.

Þá er tekið fram að í ákveðnum tilfellum geti sveitarstjórn beitt heimild til ræða fyrir luktum dyrum málefni og upplýsingar sem heimilt væri að halda leyndum á grundvelli upplýsingalaga, þótt sveitarstjórn væri það ekki skylt.

Að því er varðar annað atriðið hér að ofan um þagnarskyldureglur þá er fjallað um þagnarskyldu opinbers starfsfólks í 42. gr. stjórnarsýslulaga. Þar kemur fram að þagnarskylda gildi um 1) upplýsingar sem eru *trúnaðarmerktar á grundvelli laga eða annarra reglna*, eða 2) þegar nauðsynlegt er að halda upplýsingum leyndum til að *vernda verulega hagsmuni*, hvort sem er opinbera eða einkahagsmuni. Í 2. mgr. ákvæðisins er tekið fram að þegar um stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélags er að ræða þurfi þagnarskyldan einnig að samrýmast *lýðræðishefðum*.

Í ákvæðinu eru nefnd dæmi í níu töluliðum um hagsmuni sem geti verið nauðsynlegt að halda leyndum og er ljóst af orðalaginu og skýringum með ákvæðinu að þar er ekki um tæmandi talningu að ræða. Eru

í 6. tl. nefndar fyrirhugaðar ráðstafanir eða próf á vegum ríkis eða sveitarfélaga sem yrðu þýðingarlaus eða skiluðu ekki tilætluðum árangri ef þau væru á almannavitorði.

Að því er varðar þriðja atriðið hér að ofan um upplýsingalög þá er í 6. gr. þeirra laga talin upp gögn sem undanþegin eru upplýsingarétti almennings. Þar eru í 1. tl. fundargerðir ríkisráðs, ríkisstjórnar og ráðherrafunda. Í 2. tl. eru tiltekin gögn sem útbúin eru af sveitarfélögum, samtökum þeirra eða stofnunum og varða sameiginlegan undirbúning, tillögugerð eða viðræður þessara aðila við ríkið um fjárhagsleg málefni sveitarfélaga. Í 3. tl. eru tiltekin bréfasamskipti tengd dómsmálum, í 4. tl. málefni starfsmanna og í 5. tl. vinnugögn stjórnvalda.

Í upplýsingalögum er einnig kveðið á það í 9. og 10. gr. að upplýsingaréttur sé takmarkaður vegna einkahagsmuna og almannahagsmuna. Eru almannahagsmunir þar í sex töluliðum skilgreindir með sambærilegum hætti og í stjórnsýslulögum um þagnarskyldu eins og nefnt er að ofan.

III.

Undirbúningur, umræður, tillögur, fyrirhugaðar ráðstafanir og áætlanagerð sveitarfélags sem varða fjárhagsleg málefni sveitarfélagsins eða viðræður sveitarfélags um samstarfsverkefni við ríkið eru dæmi um upplýsingar sem heimilt er að takmarka aðgang almennings að með vísun í 1. mgr. 16. gr. sveitarstjórnarlaga, skv. 2. tl. 1. mgr. 6. gr. upplýsingalaga, 6. tl. 1. mgr. 42. gr. stjórnsýslulaga og 5. tl. 1. mgr. 10. gr. upplýsingalaga.

Með vísan í framangreint er heimilt að halda trúnaði um tilgreint mál Roðasala og ræða málið fyrir luktum dyrum vegna eðlis málsins skv. 16. gr. sveitarstjórnarlaga.

ssf